

# Fundargerð XXXII. landsþings

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018 var landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið í Hofi á Akureyri 26.–28. september og hófst það kl. 16:00.

### 1. Þingsetning

Halldór Halldórsson formaður setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Í ræðu sinni kvaddi hann sveitarstjórnarmálin eftir 24 ára feril, þar af 12 ár sem formaður sambandsins og þakkaði hann fyrir gott samstarf. Hann fór yfir formannstíma sinn og sagði m.a. frá störfum Jónsmessunefndar, samskipta- og samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga. Með tilkomu hennar hefði dregið úr tilviljanakenndri ákvarðanatöku í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og formfesta hefði aukist á öðrum sviðum samskipta.

Halldór talaði einnig um lífeyrismálin sem tekið hefði mörg ár að útkljá í samstarfi við ríkið. Þá ræddi hann um jafnréttismál og í þeim efnum hefði viðunandi árangur náðst á sveitarstjórnarstiginu og jafnframt í jafnréttismálum kynjanna.

Halldór vék einnig að flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga og nefndi að grunnskólinn hafi flust til sveitarfélaganna árið 1996 og málefni fatlaðs fólks árið 2011. Nú væri það verkefni landsþingsfulltrúa að ákveða hversu langt eigi að ganga í flutningi verkefna til sveitarfélaga í tengslum við öldrunarmálin.

Jafnframt hvatti hann sveitarstjórnarfólk til að huga vel að eflingu sveitarstjórnarstigsins og sagði að 72 sveitarfélög væru of mörg sveitarfélög.

Halldór sagði einnig að á meðan að sveitarfélög séu ekki að fullnýta útsvars- og fasteignaskattsálagningu, sé ekki hvati fyrir ríkið að samþykkja kröfur sveitarfélaga um hlutdeild í skatttekjum. Að sama skapi sé Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ekki ætlað að þjóna sveitarfélögum sem ekki fullnýta tekjustofna sína. Endurskoðun á regluverki sjóðsins er eitt af umfjöllunarefnum landsþingsins.

### 2. Kosning þingforseta, ritara, kjörbréfanefndar og kjörnefndar

Tillaga gerð um Höllu Björk Reynisdóttur, forseta bæjarstjórnar Akureyrar og Fannar Jónasson, bæjarstjóra Grindavíkurbæjar. Samþykkt.

Tillaga um þingritara, Bjarna Ómar Haraldsson og Margrėti Sigurðardóttur, sérfræðinga á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt.

Í kjörbréfanefnd voru samþykkt: Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar, Hildur Þórisdóttir, forseti bæjarstjórnar á Seyðisfirði og Grétar Ingi Erlendsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Ölfus.

Í kjörnefnd voru samþykkt: Kristinn Jónasson Norðvesturkjördæmi formaður, Björn Gíslason Reykjavíkurborgardæmi, Guðrún Ögmundsdóttir Reykjavíkurborgardæmi, Bjarki Bjarnason Suðvesturkjördæmi, Pálína Margeirsdóttir Norðausturkjördæmi og Margrét Pórarinsdóttir Suðurkjördæmi.

### 3. Framtíðarþróun sveitarstjórnarstigsins

Sigurður Ingi Jóhannesson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Ráðherra ræddi um aukna umræðu um stöðu sveitarstjórnarstigsins og vísaði í því sambandi í niðurstöður verkefnahóps um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga þar sem bent hefur verið á nauðsyn þess að sveitarfélög sameinist til að vera betur í stakk búin til að sinna hlutverkum sínum.

Til að stuðla að frekari sameiningum sveitarfélaga var ráðherra með fimm valkosti.

- Að aðhafast ekkert og láta hlutina gerast af sjálfu sér.
- Að halda áfram reglulegum átaksverkefnum í sameiningarmálum sveitarfélaga.
- Að setja lög sem ákveða sveitarfélagaskipan hverju sinni með t.d. ákvæði um lágmarksíbúafjölda.
- Að leysa málin með þriðja stjórnarsýslustiginu líkt og Finnar eru að vinna að.
- Að fara blandaða leið annars og þriðja valkostar, þ.e. að byrja á átaki þar sem sveitarfélög fengju t.d. 4-8 ár til að ná tilteknum markmiðum í frjálsum sameiningum. Að þeim tíma liðnum yrði átakinu fylgt eftir með lagasetningu þar sem þau sveitarfélög sem ekki hefðu nýtt tímann til að ná settu markmiði sameinist nágrannasveitarfélagi til að uppfylla sett lagaskilyrði um íbúafjölda.

Samhliða yrði veittur rausnarlegur stuðningur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga við sameiningar og til endurskipulagningar á stjórnarsýslu og til skuldalækkunar. Nefndi ráðherra sem dæmi að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga legði til verkefnisins allt að milljarð á ári í 15 ár.

Ráðherra vék að fleiri málefnum, s.s. áskoranir sem fram undan eru samfara fjórðu iðnbyltingunni, aðgerðum gegn loftslagsbreytingum og fleira. Hann fjallaði einnig um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en fólk hefur bent á að núverandi skipulag sjóðsins hamli sameiningum sveitarfélaga og dragi þannig úr hvata til umbóta. Bent hefur verið á að sjóðurinn ívilni litlum sveitarfélögum á kostnað stærri og að sveitarfélög sem nýta ekki útsvarsheimildir að fullu fái það bætt úr Jöfnunarsjóði. Nú liggja fyrir tillögur um breytingar á sjóðnum sem ganga út á að byrjað verður með einfalda aðlögun á gildandi regluverki og í framhaldinu sé hægt að taka stærri skref, t.d. þegar nánar liggur fyrir hvernig sameiningarmálum verði háttað.

Ráðherra minntist einnig á tekjur sem sveitarfélög hafa af mannvirkjum sem nýtt eru til orkuframleiðslu og telur það réttlætismál að þeim verði jafnað betur en nú er. Einnig minntist hann á ný lög sem Alþingi samþykkti sl. vor um samræmingu áætlana á svið samgöngu- fjarskipta- sveitarstjórnar- og byggðamála sem marka að mati ráðherra, nýja hugsun í opinberri stefnumótun.

Ráðherra sagði að lokum að nú væri jarðvegur til breytinga á sveitarstjórnarstiginu, framtíðin er núna.

#### **4. Starfsemi sambandsins, helstu úrlausnarefni og stefnumótun**

Karl Björnsson framkvæmdastjóri fór yfir fjölbreytt verkefni og starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga og nefndi meðal annars hlutverk ráðherra í því samhengi sem er að gæta að og virða sjálfsstjórn sveitarfélaganna, verkefni þeirra og fjárhag.

Hann nefnir að hlutur kvenna hafi aukist þegar kemur að kjörnum fulltrúum og nú sé hlutfallið 47% konur og 53% karlar. Endurnýjunarhlutfall í sveitarstjórnnum er hins vegar mjög hátt og í síðustu kosningum var það 58%. Með mikilli endurnýjun telur Karl að reynsla og þekking tapist. Hlutverk kjörinna fulltrúa er að forgangsraða verkefnum, koma að tekjuöflun og ákvörðunum um útgjöld. Móta stefnu fyrir starfsemina, hafa á hendi fjármálastjórn og eftirlit með framkvæmd hennar. Þá er einnig mikilvægt hlutverk að taka á álitæfnum sem upp koma og varða sveitarfélagið, hafa víðtækt samráð, skipuleggja ákvörðunarferla og vera meðvitaður um ábyrgð og þjónustuhlutverk sveitarstjórnarmannsins.

Karl kom inn á að þegar rætt væri um hið opinbera væri bæði átt við ríki og sveitarfélög en ekki bara ríkið. Sveitarfélögin eru stjórnvald sem ráða sínum málum á eigin ábyrgð. Evrópusáttmálin snýr m.a. að sjálfsstjórn sveitarfélaga sem skal viðurkennd í landslögum og í stjórnarskrá. Þetta þýðir að sveitarfélög eiga að hafa rétt og getu til að stjórna og annast skv. lögum verulegan hluta opinberra mála, á eigin ábyrgð, til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélaga.

Í máli sínu vék Karl einnig að umfangi sveitarstjórnarstigsins og kom m.a. fram að sveitarfélög beri ábyrgð á um 40% samneyslunnar hér á landi og að meira en helmingur eða 52% opinberra starfa séu nú hjá sveitarfélögum. Þá voru skuldir A-hluta sveitarfélaga árið 2017 um 11% af vergri landsframleiðslu en til samanburðar er samsvarandi skuldahlutfall hjá A-hluta ríkissjóðs 63% af vergri landsframleiðslu.

Í máli Karls kom m.a. fram að tími tilviljanakenndrar og ómarkvissrar stefnumörkunar væri löngu liðinn. Allt starf sambandsins hafi byggst á agaðri stefnumótunarvinnu landsþings allt frá árinu 2004 en þá var ákveðið að marka Sambandi íslenskra sveitarfélaga skýra stefnu. Þann árangur sem sambandið nær í störfum sínum megi hiklaust rekja til þeirrar faglegu undirbúningsvinnu, breiða eignarhalds og stefnumiðuðu áætlanagerðar sem felist í stefnumótun landsþings. Þessi vinna hefur einnig mikla þýðingu þegar kemur að samskiptum sveitarstjórnarstigsins við Alþingi, ríkisstjórn, þingmenn og ráðuneyti.

#### **5. Ávarp forseta Evrópuráðs**

Guðrún Mosler Törnström forseti sveitarstjórnarþings Evrópuráðs.

Guðrún lýsir yfir ánægju með nafn sambandsins, fólk heldur saman. Hún sagði að löng samvinna væri á milli landanna og nefnir nokkra sveitarstjórnarmenn sem hafa verið virkir í samstarfinu.

Hún segir það afar mikilvægt að þjóðir vinni saman að stefnumörkun og forgangsverkefnum svo samhljómur sé í Evrópusamstarfi.

Fulltrúar aðildarlanda heimsækja hvort annað reglulega og hvert land tekur á móti fulltrúum á fimm ára fresti. Síðast var hist á Íslandi árið 2016 í tíð Jóns Gunnarssonar, þáverandi ráðherra sveitarstjórnarmála.

Löndin hjálpa hvert öðru og standa saman þó svo að menning hvers lands sé sérstök. Lykill að því er að byggja upp traust og samvinnu.

Í Evrópuráðinu eru mál unnin þannig að leitað er lausna á vandamálum. Þarna fær sveitarstjórnarstigið rödd og vettvang til að vinna að málum fyrir 200.000 sveitarfélög frá 47 löndum. Íbúalýðræði er markmiðið hjá þessum löndum. Stuðlað er að rannsóknnum í málefnum og rétti íbúanna til að færa sig á milli landa án þess að réttindi þeirra skerðist.

Hún fjallaði um áhrif efnahagskreppunnar á sveitarfélögin og samfélög. Evrópuráðið er þess fullvisst að samvinnan feli í sér mikilvægi um að tryggja málefnum sveitarfélaga farveg og hjálpa þeim að bregðast við mismunandi aðstæðum. Margar áskoranir eru fram undan og vonandi hefur hennar yfirferð um verkefnið leitt til þess að menn vilji efla samstarfið.

## **6. Áhrif #Me too fyrir sveitarstjórnarstigið**

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi Reykjavíkurborg.

Í upphafi erindis síns beindi Heiða Björg sjónum að MeToo og áhrifum þess á sveitarstjórnarstigið. Sérstakt áhyggjuefni er staða erlendra kvenna. Samfélagið hefur sýnt að það er á margan hátt vanhæft til að takast á við kynbundið ofbeldi, áreitni og valdniðslu. Það er mikilvægt verkefni fyrir sveitarstjórnir að breyta þessum veruleika og gera það jafnframt auðveldara fyrir fólk að stíga fram og fá aðstoð sé á því brotið.

Þá kom Heiða Björg jafnframt inn á að MeToo byltingin sé gjöf sem við sem samfélag eigum að læra af, hlusta eftir röddum og nýta tækifærið til breytinga ekki síst í ljósi þess að 25% fólks hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað.

Sveitarfélögin þurfa að taka ákvörðun um hvort þau ætla að vera með eða ekki og að mati Heiðu eiga þau ekki undankomu og verða að bregðast við. Þetta er komið til að vera og er ekki eins og sumir gætu haldið átak eða verkefni sem klárast. Það þarf að stoppa þöggunina og taka málið föstum tókum.

Hvatti Heiða þingið til að koma þessu í farveg með því að setja það í stefnumörkun sambandsins á yfirstandandi landsþingi. Sveitarfélögin eru í lykilstöðu til að leiða breytingar t.d. í gegnum skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarf og almennt í þjónustu við íbúa. Það er nóg af tækifærum, námskeiðum, samþykktum og lögum til að hjálpa sveitarfélögunum að koma þessum breytingum á. Þannig þarf hvert sveitarfélag að axla sína ábyrgð, gera áhættumat, setja fram viðbragðsáætlun og tryggja forvarnir. Sérstaklega mikilvægt er að gera þetta á sama tíma og valdahlutföllin eru færast frá körlum til kvenna. MeToo snýst um viljann til að taka höndum saman og breyta

samfélaginu til hins betra. Þau verkefni sem bíða úrlausna sveitarstjórna eru ærin. Áhyggjuefni er að á sama tíma sjást þess dæmi að karlar nýti MeToo-umræðuna í þeim tilgangi að ná fyrri valdastöðu með því að gera meira grín og enn minna úr konum.

## 7. Tillögur kjörnefndar um stjórn og formann

Kristinn Jónasson, formaður kjörnefndar kynnti fulltrúa í kjörnefnd, gerði grein fyrir vinnu nefndarinnar og fór yfir samþykktir um kjör stjórnar, formannskjör og kjörgengi.

Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi.

Tveir hafa lýst yfir áhuga á formannsembættinu, þau Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ og Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.

Kjörnefnd leggur til að formaður verði kosinn í beinni kosningu á föstudaginn.

Lögð fram tillaga kjörnefndar um framkvæmd kosninga, svohljóðandi:

- Kjörnefnd leggur til að kosning formanns hefjist kl. 09:00 á föstudagsmorgun og ljúki kl. 11:00.
- Afhending kjörseðla fer fram í opnu rými hér fyrir framan salinn. Kosning fer fram í kjörklefum og kjörkassar eru staðsettir fyrir framan.
- Ef breytingatillögur koma fram við tillögu kjörnefndar þá verður að fresta kosningu til kl. 11:00 þar til búið er að afgreiða breytingatillögur.
- Samhliða verður að gera ráð fyrir seinkun á dagskrá.
- Kjörnefnd og starfsmenn sambandsins munu sjá um framkvæmd kosninganna og talningu atkvæða.

Gengið til atkvæða um tillögu kjörnefndar um framkvæmd kosninga. *Samþykkt.*

## 8. Mál sem þingfulltrúar leggja fram

Þingforseti kynnti viðbót við áður auglýsta dagskrá þar sem fram fer kynning vegna framboðs til formennsku í stjórn sambandsins. Dregið var um röðina og tók Gunnar Einarsson í Garðabæ fyrst til máls.

Gunnar sagði stuttlega frá sjálfum sér og kynnti áherslur sem hann mun horfa til, verði hann kosinn. Þær eru í fimm eftirtöldum liðum:

1. Að formgera betur samskipti við ríkið og fylgja betur eftir áætlunum sem koma frá ríkinu.
2. Að stuðla að samvinnu milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og loka þeirri gjá sem myndast hefur milli aðila.
3. Efla sveitarstjórnarstigið s.s. með styrkingu á landsbyggðarsamtökum.
4. Að sveitarfélög verði ekki þvinguð til sameiningar. Best sé að sameining komi innan frá.

5. Hann vill ná sanngjörnum samningum við ríkið vegna yfirtöku verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Aldís tók næst til máls og kynnti sjálfa sig, pólitískan feril sinn í sveitarstjórnarmálum og ýmis trúnaðarstörf sem hún hefur sinnt.

Áherslur Aldísar í starfi formanns eru eftirtaldar, verði hún kjörin:

1. Hún mun reyna að hafa í hávegum vinnubrögð sem byggja á heiðarleika, það séu ekki hagsmunir sveitarfélaga að ná fram breytingum með offorsi eða fyrir dómstólum.
2. Að viðhalda áfram góðum samskiptum við ríkið.
3. Að stuðla að samvinnu milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og tryggja að unnið sé að málum ólíkra sveitarfélaga á jafnræðisgrundvelli.
4. Koma í veg fyrir að lagasetningar ríkisins séu fjárhagslega þyngjandi eins og verið hefur á undanförunum árum.
5. Að mikilvægt sé að ásýnd sambandsins breytist á þessum tímamarki og leggur áherslu á nú sé komið að því að kona taki við formennsku í stjórn sambandsins.

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokks í Reykjavík, sagði að flokksfulltrúar væru þrumu lostnir yfir vinnubrögðum sambandsins. Fjórflokkarnir ráði greinilega lögum og reglum og óásættanlegt sé að fjórði stærsti stjórnarmálflokkurinn, Miðflokkurinn, skuli ekki eiga fulltrúa í framboði til stjórnar sambandsins. Sú stjórn sem er kosin eigi að endurspegla úrslit sveitarstjórnarkosninga. Það sé undarleg uppsetning að formannsefni fái að halda framboðsræður í dag, miðvikudag, þegar frestur til framboðs rennur ekki út fyrr en á föstudag.

Gunnar Gíslason bæjarfulltrúi á Akureyri tók til máls og gagnrýndi það fyrirkomulag sem viðhaft er í kringum tilnefningu kjörnefndar í stjórn sambandsins. Hann kallar eftir því að kosið sé með lýðræðislegum hætti á landsþingi eftir að framboð hafa borist. Beinir hann því til þingsins að þetta verði tekið til frekari umfjöllunar og hvetur hann fólk til að bjóða sig fram til að knýja fram kosningar til stjórnar.

Ólafur Þór Ólafsson, formaður bæjarráðs í ónefndu sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis ræddi um kjör til stjórnar og tilnefningar kjörnefndar að stjórn. Gagnrýndi hann tillögu uppstillingarnefndar sérstaklega út frá því að Suðurnesjamenn eiga nú, fjórða kjörtímabilið í röð, ekki tilnefndan aðalmann í stjórn sambandsins. Hann vill að búið verði til gegnsætt ferli um val á kjöri fulltrúa í stjórn sambandsins.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs á Akureyri, lýsti yfir vonbrigðum með tillögu kjörnefndar en þar er hann tilnefndur varamaður. Guðmundur hyggst leggja fram breytingartillögu sem lítur að því að hann verði tilnefndur sem aðalmaður og Jón Björn Hákonarson frá Fjarðarbyggð verði tilnefndur sem varamaður. Hann gagnrýndi það form sem viðhaft er við tilnefningu í stjórn og vill sjá meira samráð haft milli flokka á ákveðnum landsvæðum um hvernig tilnefnt er í stjórn.

Guðlaug S. Kristjánsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarbæ sagðist ekki tilheyrja framboði sem fellur undir fjórflokkinn. Hún kallar eftir því að gerðar verði breytingar þannig að raddir þessara landleysingja/óflokksbundinna sveitarstjórnarmanna fái að heyrast og veltir hún fyrir sér hverjir eru fulltrúar þessa hóps í stjórn sambandsins.

Þingforseti kynnti að framboð til stjórnar þurfa að berast skriflega til þingforseta a.m.k. tveimur tímum fyrir upphaf dagskrár á föstudegi.

Fundi frestað til morguns.

## **9. Erindi um framtíðarúrlausnarefni sveitarfélaga**

*Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir - Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga*

Eyrún gerði grein fyrir því að í lok árs 2015 skipaði innanríkisráðherra verkefnisstjórn sem fékk það hlutverk að greina íslenska sveitarstjórnarstigið og finna tækifæri og leiðir til að styrkja það. Skýrslugerð var lokið í júlí 2017 og var skýrslan formlega kynnt þann 5. október 2017.

Á meðal tillagna verkefnisstjórnarinnar er að hækka lágmarksíbúafjölda í þrepum þannig að frá og með 1. janúar 2026 búi að lágmarki 1.000 manns í hverju sveitarfélagi. Verkefnisstjórnin leggur til að ríkið komi með markvissari hætti að styrkingu sveitarstjórnarstigsins og hvetur til endurskoðunar á reglum jöfnunarsjóðs þannig að hluti af tekjum sjóðsins verði nýttar til að auðvelda sveitarfélögum að sameinast.

Þá er lagt til að sameiningar vegna lögbundins lágmarksíbúafjölda verði ekki bornar upp í íbúakosningum.

Samhliða framangreindum aðgerðum verði farið í stefnumótun fyrir sveitarstjórnarstigið til næstu 20 ára sem skilgreini m.a. þjónustusvæði m.t.t. til ytri aðstæðna sem geta hugsanlega valdið því að kostnaður sveitarfélaga vegna nærþjónustu við íbúa sé breytilegur.

Í tillögum verkefnisstjórnar er einnig tekið tillit til eldri tillagna og aðgerða sem viðhafðar hafa verið í sameiningarmálum sveitarfélaga og að samráðsferlið hafi leitt í ljós almenna andstöðu við þriðja stjórnsýslustigið.

Eyrún útskýrði að verkefnisstjórnin hafði víðtækt samráð við sveitarstjórnarfólk og er það skýr niðurstaða að sveitarfélögin séu enn of mörg og þeim þurfi að fækka. Máli verkefnisstjórnar til stuðnings tiltók hún sérstaklega að yfirgripsmikil verkefni á borð við yfirfærslu grunnskólans hafi orðið til þess að sveitarfélögum fækkaði verulega. Ef sveitarfélög ætla að takast á við fleiri verkefni þarf að efla þau til muna sem kallar þá á frekari sameiningu.

*Ásta Stefánsdóttir – Breytingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga*

Ásta upplýsti að unnið hefur verið að heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá árinu 2010 en það ár var skipaður vinnuhópur sem skilaði drögum að nýju líkani fyrir jöfnunarframlög jöfnunarsjóðs. Þann 12. september 2016 skipaði innanríkisráðherra nýja nefnd sem falið var að gera endanlegar tillögur um

fyrirkomulag og upptöku nýrra aðferða við jöfnun á útgjaldabörfum og tekjumöguleikum sveitarfélaga. Nefndinni var ætlað að hafa þessar tillögur 2010 hópsins til hliðsjónar við vinnuna og metur nefndin það svo að enn sé eftir að vinna málinu frekari farveg.

Í máli Ástu kom fram að nefndin hafi verið sammála um að megintilgangur endurskoðunar á Jöfnunarsjóði væri að einfalda regluverkið og auka gagnsæi hvað varðar forsendur úthlutunar úr sjóðnum. Einnig er markmið um að auka gæði jöfnunaraðgerða þannig að sambærileg sveitarfélög fái sambærileg framlög úr sjóðnum.

Hvað þróun nýs jöfnunarkerfis snertir byggir nefndin þær tillögur sínar m.a. á niðurstöðum vinnuhóps innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sá hópur leit meðal annars til fyrirkomulags jöfnunar í Noregi. Í megindráttum gera þessar tillögur ráð fyrir nýju úthlutunarkerfi, þar sem m.a. er stefnt að því að tekjujöfnunarframlag, útgjaldajöfnunarframlag og almenn framlög vegna grunnskóla úr sjóðnum verði sameinuð.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs eru nokkuð ítarlegar og skiptast annars vegar í aðgerðir sem nefndin leggur til að gripið verði til strax og hins vegar umfangsmeiri breytingar sem þurfa ná yfir lengri tíma.

Á meðal aðgerða sem grípa má til strax er að skerða framlög sjóðsins til þeirra sveitarfélaga sem nýta ekki útsvarshlutfall sitt að fullu, að hámark verði sett á framlög sem nemi 45% af heildarskatttekjum sveitarfélags. Að breytingar verði gerðar á útreikningi útgjaldajöfnunarframlaga og svokallaðri hagkvæmnilínu verði breytt þannig að sveitarfélög með fleiri en 2.400 íbúa fái aukið vægi við útreikning framlaga. Vægi íbúafjölda 6-15 ára og fjölda þéttbýlisstaða innan eins sveitarfélags verði aukið á kostnað vægis fyrir fjarlægðir. Þá verði stuðningur við sveitarfélög sem hyggjast sameinast aukinn enn frekar. Lagt er til að stuðningurinn nái bæði til undirbúnings sameiningar og endurskipulagningar stjórnarsýslu og sameinað sveitarfélag haldi framlögum frá sjóðnum í a.m.k. 5 ár eftir sameiningu.

Í máli Ástu kom jafnframt fram að heildarfjárhæð jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga á grundvelli hins nýja líkans yrði um 18 milljarðar króna eða um 45% af heildartekjum sjóðsins að teknu tilliti til framlaga á árinu 2016.

## **10. Almennar umræður**

Þingforseti kynnti tillögu frá starfsmönnum sambandsins um breytingu á tímasetningu dagskrár föstudags á þá leið að a) liður, kosning 11 aðalmanna og 11 varamanna í stjórn verði kl. 9:10 í stað kl. 11:00.

Kosning formanns verði á óbreyttum tíma, kl. 11:00.

Tillagan borin upp til atkvæða og hún samþykkt.

Pröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahreppi, hvetur sveitarstjórnarmenn til að lesa vandlega skýrsluna Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga. Minni



sveitarfélög standa fjárhagslega betur og þau eiga að mörgu leyti auðveldara með að veita nærþjónustu og lýðræðisleg þátttaka er meiri í litlum sveitarfélögum en stærri. Hann telur enga rétta lágmarkstölu vera til um íbúafjölda í sveitarfélögum og finnst það röng nálgun að það styrki sveitarfélög að sameina þau litlu. Hann telur þjónustu ekki tryggða og heldur að hún muni skerðast, t.d. á jaðarsvæðum. Ákvörðun um sameiningu sveitarfélaga á að vera á hendi íbúa og honum finnst það óforskammað að gera tillögur um að setja lög um sameiningu eins og sveitarfélögin sjálf vilji það.

Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótshálsa, segir að búið sé við gallað kerfi þegar kemur að vali fulltrúa í stjórn sambandsins en spyr hvað eigi að koma í staðinn. Til að gera breytingar, þarf að breyta samþykktum sambandsins. Vandamál ekki leyst með því að einstaklingar komi og bjóði sig fram til setu í stjórn.

Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, kemur frá sameinuðu sveitarfélagi sem nær yfir mjög stórt landfræðilegt svæði sem er ólíkt að mörgu leyti. Hann telur það hollt að ræða hvernig staðið skuli að sameiningum sveitarfélaga. Kröfur um þjónustu eru að aukast og spurningin er hvernig best er komið til móts við þær kröfur. Ein leið fyrir sveitarfélög sé að vinna saman, önnur að sameina þau. Hann segir frá nýlegri sameiningu Breiðdalshrepps við Fjarðabyggð. Skólum er sem dæmi ekki lokað en meiri samvinna er á milli þeirra í sameinuðu sveitarfélagi. Hagræðing við sameiningu er fyrst og fremst stjórnsýsluleg ekki endilega fjárhagsleg. Það megi hins vegar aldrei loka á umræðuna um sameiningu sveitarfélaga þar sem þær hafa alltaf orðið til hagsbóta fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra.

Gunnar Gíslason, bæjarfulltrúi Akureyrar, segir að skoða eigi sameiningarmál sveitarfélaga með ýmsum hætti. Ef sveitarfélög ætla að taka fleiri verkefni að sér þarf að sameina þau. Er sem dæmi verið að skoða þetta með markvissum hætti þannig að samlegðaráhrifin verði til þess að færa megi fjármagn út úr kerfinu inn í þjónustu við íbúa. Hægt er að ná töluverðri hagræðingu með sameiningu sveitarfélaga. Varðandi frjálsa sameiningu er reynslan sú að sveitarfélög hafna umræðu um sameiningu sveitarfélaga. Er kannski verið að verja þrönga hagsmuni? Skorar á sveitarstjórnarmenn að hafa kjark til að taka þátt í umræðum um sameiningarmál, ræða staðreyndir og skoða kostina. Hann telur jöfnunarsjóð til þess gerðan að koma í veg fyrir sameiningar. Gunnar fagnar tillögu Stefáns Boga um að taka skipan mála við stjórnarkjör til endurskoðunar.

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfirði, sagðist vera með hugleiðingu. Þrátt fyrir auðlindir og menningarauð á Snæfellsnesinu og þrátt fyrir þekkingu og framsækni fyrirtækja er sveitarfélagið í vörn. Íbúum er að fækka og meðalaldur að hækka. Hún ræðir um fjórðu iðnbyltinguna og telur að í framtíðinni muni meira en helmingur vinnuafns vinna hjá sjálfu sér. Ekki sé lengur hægt að gera kröfu um búsetu í tengslum við vinnu. Aldrei áður höfum við verið í jafngóðri aðstöðu til að bæta byggðastefnu eins og nú. Þurfum að hafa sjálf áhrif á breytingar sem verða og hvetur Björg til umræðu um hvernig við ætlum að mæta þeim, s.s. því að útsvarið sem tekjustofn verður hverfandi í framtíðinni.

## Störf umræðuhópa

1. *Traustur grundvöllur*
2. *Fræðsla í forgang*
3. *Velferðin í öndvegi*
4. *Tengsl manna og umhverfis*
5. *Mannauður, nýsköpun, lýðræði og jafnrétti*

### 11. Kjörbréfanefnd skilar álit

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar.

Öll kjörbréf eru gild. Rétt kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétti á þinginu eru 150 frá 69 sveitarfélögum. Þá eru mættir 7 stjórnarmenn hjá sambandinu með málfrelsi og tillögurétt og aðrir fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt eru samtals 62. Alls eru því mættir til landsþings 219 fulltrúar. Að auki sitja þingið 17 gestir og 27 starfsmenn sambandsins. Seturétt á landsþingi eiga 154 fulltrúar frá 72 sveitarfélögum.

### 12. Kosning 11 aðalmanna og 11 varamanna í stjórn

Kristinn Jónasson, formaður kjörnefndar, fór yfir það fyrir hönd kjörnefndar að engin mótframboð komu fram við tillögu nefndarinnar um aðal- og varamenn í stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga.

Guðmundur Baldur Guðmundsson, formaður bæjarráðs á Akureyri, óskaði eftir því að fá að taka til máls. Þar fór hann yfir ákvörðun sína frá miðvikudeginum 26. sept. um hugsanlegt framboð til stjórnar og rakti ástæður þess að hann hætti við hugmyndir um framboð.

Tillaga kjörnefndar um 11 aðalmenn og 11 varamenn í stjórn sambandsins er svohljóðandi:

#### Aðalmenn

*Reykjavíkurborg*

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir  
Eyþór Arnalds

*Suðvesturkjördæmi*

Gunnar Einarsson, Garðabæ  
Guðmundur Ari Sigurjónsson, Seltjarnarnesbæ

*Norðvesturkjördæmi*

Rakel Óskarsdóttir Akraneskaupstaður  
Bjarni Jónsson Svf. Skagafjörður

#### Varamenn

Skúli Þór Helgason  
Dóra Björt Guðjónsdóttir  
Hildur Björnsdóttir

Haraldur Sverrisson, Mosfellsbæ  
Adda María Jóhannsdóttir Hafnarfj.kaupstað

Daníel Jakobsson Ísafjarðabær  
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir Borgarbyggð

*Norðausturkjördæmi*

Kristján Þór Magnússon Norðurþing  
Jón Björn Hákonarson Fjarðabyggð

Gauti Jóhannesson Djúpavogshreppur  
Guðmundur B. Guðmundsson Akureyrarkaupstað

*Suðurkjördæmi*

Aldís Hafsteinsdóttir Hveragerðisbær  
Ásgerður K. Gylfadóttir Svf. Hornafj.

Margrét Ólöf A. Sanders Reykjanesbær  
Lilja Einarsdóttir Rangárþing eystra

Tillaga kjörnefndar borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**13. Gerð grein fyrir starfi umræðuhópa**

Guðmundur Baldur Guðmundsson, formaður bæjarráðs á Akureyri, gerði grein fyrir störfum hóps 1. Traustur grundvöllur. Hópurinn fjallaði um öflugt sveitarstjórnarstig, samskipti ríkis og sveitarfélaga, fjármál og tekjustofna sveitarfélaga, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, efnahagssamráð og kostnaðarmat. Hópurinn lagði fram tillögu að nýju markmiði þar sem sambandið er hvatt til að gangast fyrir markvissri skoðun á því hvernig tæknibreytingar eru líklegar til að hafa áhrif á forsendur búsetu og atvinnusköpunar. Sambandið skal miðla upplýsingum til sveitarstjórnarfólks og gangast fyrir umræðum um hvernig íslensk sveitarfélög gætu hagnýtt breytingarnar.

Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð, gerði grein fyrir störfum hóps 4. Tengsl manna og umhverfis. Í hópnum var fjallað um skipulags- og byggingarmál, sjálfbæra þróun og umhverfismál, samgöngur og fjarskipti, brunamál og almannavarnir, byggðamál og svæðasamvinnu sveitarfélaga ásamt atvinnumálum. Hann fór yfir þá liði sem gerðar voru breytingar á en meðal annars voru felld út nokkur atriði sem hópurinn taldi að hefðu lokið sínum tilgangi. Sem dæmi nefndi hann að meginsamtalið snerist um að jarða ekki úrgang heldur gera hann að verðmætum og að landsvæði verði ekki tekin undir þjóðgarða nema að undangengnu samþykki sveitarstjórna. Orkumál standa atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni fyrir þrífum og mikilvægt er að þrýsta á um að raforkuöryggi verði tryggt en það liggur sem dæmi ekki fyrir með skýrum hætti hver ber ábyrgð á að tryggja það. Einnig er brýnt að setja inn áherslur um uppbyggingu á vegakerfi og tryggja almenningsamgöngur og aðgang landsmanna að flugvöllum víðar en í Keflavík. Hópurinn telur að fráveitumál séu ekki einkamál sveitarfélaga sem eru að vernda vatn og sjó og þetta ætti því einnig að vera mál ríkisins. Við fræðslu af hálfu sambandsins er hvatt til þess að nýtt verði nýjasta tækni.

Skúli Helgason gerði grein fyrir störfum hóps 2, Fræðsla í forgangi þar sem farið var yfir skóla-, íþrótt- og æskulýðsmál. Hann fór yfir þá liði sem gerðar voru breytingar á. Kynnti áhyggjur sem ræddar voru í hópnum um kynjahalla s.s. vegna læsis og námsáhuga/brotthvarf kennaranema. Lagt er til að settur verði af stað framtíðarhópur sem fjalli um nýjar áherslur í menntamálum í ljósi þess að fjórða iðnbyltingin er hafinn, forgangsröðun er breytt og þörf er fyrir breytingar á viðmiðunarstundaskrá. Hópurinn setur fram þá spurningu hvernig vinna megi með gjörbreytt landslag varðandi þekkingaröflun og miðlun þekkingar.

Rakel Óskarsdóttir gerði grein fyrir störfum hóps 5. Hópurinn fjallaði um mannauð, nýsköpun, lýðræði og jafnrétti. Einnig um stafræna þróun og nýsköpun, vinnumarkaðsmál, jafnrétti og mannréttindamál, menningarmál, alþjóðamál, lýðræði og kosningalöggjöfin. Hópurinn vill koma á miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að nýta nútímatækni til að bæta þjónustu og samskipti við íbúana. Sambandið setji á stofn samstarfsvettvang sveitarfélaga á sviði samskipta- og upplýsingamála sem fjalli um sameiginleg hagsmunamál þeirra á því sviði. Sambandið skal leggja sitt af mörkum og hvetja sveitarfélögin til að sporna gegn kynbundnu ofbeldi, áreitni og valdniðslu og styðja við að fullnægjandi úrræði séu fyrir hendi í sveitarfélögum. Sambandið skal vinna að nauðsynlegum breytingum á kosningalöggjöf og framkvæmd kosninga. Sambandið skal jafnframt beita sér fyrir umræðu á vettvangi sveitarfélaga um framþróun lýðræðis á sveitarstjórnarstigi, hvernig hægt er að auka þátttöku í kosningum og í pólitískri stjórnun sveitarfélaga og frekari breytingum á kosningafyrirkomulagi og framkvæmd kosninga.

Heiða Björg Hilmisdóttir gerði grein fyrir störfum hóps 3. Velferðin í öndvegi. Hópurinn fjallaði um félagsþjónustu og húsnæðismál. Hún sagði að ný lög um málefni fatlaðs fólks væru að taka gildi og það ætti að færa nærþjónustuna ennþá nær íbúum. Hún fór einnig yfir valda liði sem hópurinn gerði tillögur um breytingar á. Hópurinn hvetur sambandið til að styðja við að sveitarfélög geti tekið upp nýtt verklag í heimilisofbeldismálum í samræmi við tilmæli Ríkislögreglustjóra. Tryggt verði að sveitarfélögin hafi bjargir til að bregðast við heimilisofbeldi og innleitt verði sérstakt verklag vegna þessa. Hópurinn leggur einnig til að sambandið beiti sér fyrir því að eftirlit með greiðslum úr bóta- og greiðslukerfi ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða verði aukið sem og samvinna milli stofnana m.a. með miðlun upplýsinga. Sambandið kalli eftir því að fyrirkomulag lífeyrisgreiðslna verði endurskoðað gagnvart fólki sem hingað flytur erlendis frá og býr við skert réttindi. Sambandið beiti sér fyrir því að velferðarþjónusta sé fremur skipulögð með þarfir notenda í huga en kerfisviðmið sem m.a. annars búa til skil í þjónustu við 67 ára aldur. Sambandið gæti hagsmuna móttökusveitarfélaga sem þjónusta umsækjendur um alþjóðlega vernd gagnvart ríkinu.

#### *Almennar umræður*

Þingforseti bauð fundarmönnum að taka til máls um störf umræðuhópa. Enginn þingfulltrúi óskaði eftir að taka til máls undir þessum lið.

Þingforseti lagði fram tillögu frá Gunnari Gíslasyni, bæjarfulltrúa á Akureyri um ályktun vegna kosninga til formanns og stjórnar sem er svohljóðandi:

*XXXII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldið á Akureyri 26.-28. september 2018, samþykkir að fela nýrri stjórn Sambandsins að setja á fót starfshóp sem hefur það hlutverk að endurskoða 9. og 10. greinar Samþykktar Sambandsins frá 24. mars 2017, með það að markmiði að gera allt ferlið við kosningu formanns og stjórnar gegnsærra og lýðræðislegra. Einnig verði skoðaðar aðrar þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera á samþykktum til að auðvelda framkvæmd kosninganna.*

Gunnar fylgdi tillögunni úr hlaði og fór yfir tilurð þess að hann leggur hana fram. Gunnar tiltók að þegar hann kynnti sér málið hafi komið í ljós að það er ekkert sérstakt fyrirkomulag við lýði varðandi þessi mál nema hjá Reykjavíkurborg. Gagnrýndi hann ógagnsæið við núverandi fyrirkomulag sem kallar á breytt fyrirkomulag og endurskoðun á þessu ferli. Kjörnefndin hefur að mati Gunnars fjallað um málið síðustu þrjá mánuði, umboðslaus. Tillagan lögð fram og samþykkt.

Pórdís Lóa Pórhallsdóttir, borgarfulltrúi, fagnar fram kominni ályktun og segir það skipta máli að horfa til framtíðar. Fulltrúar fleiri flokka eru nú í sveitarstjórnarmálum og búa þarf til umhverfi þar sem allir flokkar fái að blómstra. Nýtt landslag er komið fram í pólitík sem kallar á breytingar.

Katrín Sigurjónsdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, lýsti yfir ánægju með tillögu Gunnars. Hún vill einnig brýna sambandið í tengslum við kjarasamningamál. Það sé mikilvægt að ná samningum með lengri gildistíma en verið hefur undanfarin ár og gæta þarf þess að ekki sé um afturvirkar breytingar að ræða.

Þingforseti bauð fundarmönnum að taka til máls um störf umræðuhópa. Enginn þingfulltrúi óskaði eftir að taka til máls undir þessum lið.

#### **14. Afgreiðsla stefnumörkunar**

Þingforseti leggur til að vísa tillögum umræðuhópa til stjórnar sambandsins til frekari úrvinnslu.

Tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og vísað til stjórnar sambandsins.

#### **15. Kosningar um formann sambandsins**

Þingforseti þakkar starfsmönnum sambands fyrir vandaðan undirbúning landsþingsins. Hann þakkar einnig Akureyrarkaupstað fyrir afnot af Hofi. Að lokum þakkar hann þingfulltrúum fyrir góð störf.

Kristinn Jónasson, formaður kjörnefndar, þakkaði starfsfólki sambandsins fyrir aðstoð við vinnu kjörnefndar og þakkar nefndarfólki fyrir gott samstarf. Hann fór yfir niðurstöðu kosninga til formanns stjórnar.

Samkvæmt tillögum kjörnefndar voru tveir í framboði til formanns; Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ og Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.

Kosning hófst kl. 9:10 á föstudagsmorgninum 28. september 2018 og lauk kl. 11:00 sama dag.

Kosning fór fram samkvæmt reglum um framkvæmd kosninga, að tillögu kjörnefndar, sem þingið samþykkti einróma á fundi miðvikudaginn 26. september 2018.

Kjörnefnd og starfsmenn sambandsins sáu um framkvæmd kosninganna og talningu atkvæða.

145 kusu. Auðir og ógildir seðlar voru 5 eða 3,4% atkvæða.

Gunnar Einarsson fékk 49 atkvæði eða 33,8% atkvæða.

Aldís Hafsteinsdóttir g1 atkvæði eða 62,8% atkvæða.

Aldís þakkaði þingfulltrúum fyrir stuðninginn og þakkaði Gunnari fyrir drengilega baráttu. Kosningar sem þessar skapa umræðu um það fyrir hvað sveitarstjórnarstigið stendur og hvernig sveitarstjórnarmenn vilja starfa í framtíðinni.

Hún óskaði nýrri stjórn til hamingju og hlakkar til samstarfs við hana. Stjórn mun vinna að hagsmunum allra sveitarfélaga á Íslandi.

Að lokum þakkaði hún Halldóri Halldórssyni fyrir hans störf.

## **16. Þingslit**

Aldís Hafsteinsdóttir, nýkjörinn formaður sambandsins þakkaði fyrir þingstörf og sleit XXXII. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundi slitið kl. 11:30.

*Bjarni Ómar Haraldsson*

*Margrét Sigurðardóttir*